

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Línal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 22. nóvember 2018

Tilvísun: 201811050 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna áningarstaðar ferðamanna við Fossárvík

Djúpavogshreppur hefur, með tölvupósti frá 14. nóvember 2018, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 12. nóvember 2018, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Viðfangsefni lýsingarinnar er að skilgreina áningarstað fyrir ferðamenn við Fossárvík m.a. þjónustuhús og bílastæði.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar við mótun tillögu og umhverfismat hennar:

Í lýsingunni er gert ráð fyrir að svæðið verði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Miðað við fyrirhuguð áform, sem felast í uppbyggingu þjónustuhúss með veitingasölu, gerð bílstæða, göngustíga og bættri aðstöðu fyrir ferðmenna, telur Skipulagsstofnun að betur eigi við að skilgreina svæðið sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Á það við um svæðin beggja megin árinna þar sem fyrirhugað er að gera bílastæði eða reisa mannvirki í þágu ferðabjónustu.

Fyrirhuguðu deiliskipulagi svæðisins er ætlað að ná til um 22 ha svæðis sem er landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Djúpavogshrepps. Eðlilegt er að marka stefnu í aðalskipulagi um mannvirkjagerð og frágang á öllu svæðinu (göngubrú, útsýnisstaðir ofl.) en skilgreina landnotkunina afþreyingar- og ferðamannasvæði á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir þjónustuhúsi og bílastæðum.

Bent er á að hafa í huga að utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m, utan samgöngugöngumannvirki sem geta verið nær. Þá er jafnframt bent á að fossar og nánasta umhverfi þeirra njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og skal forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Í fyrirhugaðri skipulagstillögu þarf að gera grein fyrir áhrifum breytingarinnar á umhverfið samkvæmt 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga og gr. 4.4. í skipulagsreglugerð.

Í töflu 1. á bls. 9 er yfirlit yfir helstu verkáfanga og tímasetningar skipulagsvinnunnar. Ekki kemur fram með skýrum hætti hvernig staðið verður að samráði við gerð skipulagstillögunnar, m.a. hvað felist í „kynningu á tillögu að aðalskipulagi og umhverfisskýrslu“. Minnt er á að hlutverk lýsingar er ekki síst að upplýsa almenning og hagsmunaðila um möguleika þessara aðila til að hafa aðkomu að skipulagsferlinu. Í lýsingunni kemur fram að Fossá sé fiskgeng og því þarf að leita umsagnar lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu.



Birna Björk Árnadóttir